

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar viðkomendum og **117**
birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna. 12. sept.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austur- 118
amtinu um sparisjóðshlunnindi. Með brjefi þessu voru »sparisjóðnum á 21. sept.
Akureyri« endurveitt sparisjóðshlunnindi um 5 ár með venjulegum kjörum frá 1.
janúar 1901 að telja.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur- 119
amtinu um flutning þingstaðar. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmað- 28. sept.
ur, í brjefi, dagsettu 25. þ. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni
hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi í Skaptafellssýslu, vil jeg hjer með veita sam-
þykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hömrum að
Brunnhóli, þó með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfi-
legt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur- 120
amtinu um afgreiðslugjald af skipi. Þjer hafði, herra amtmaður, í brjefi 20. okt
yðar, dagsettu 27. f. m., látið álit yðar uppi um erindi frá Einari umboðsmanni
Markússyni, þar sem hann spyrst fyrir um það, *hvort greiða skuli afgreiðslugjald*
af skipi, sem keypt hafði verið fyrir hann í Englandi í vetur, sem leið, og hafði
með sjer, um leið og það var flutt hingað til lands, 30 tons af salti, er nota átti
handa skipinu við fiskiveiðar þess hjer við land í sumar, og, ef greiða skuli af-
greiðslugjald af skipinu, *hve hátt* það skuli vera. Skipið var í ferð þeirri, er um
er að ræða, flutt til Ólafsvíkur af dönskum mönnum, er fóru þar af skipinu, en
á það fóru þá aptur innlendir menn til fiskiveiða hjer við land. Hafði þjer lát-
ið þá skoðun yðar í ljós, að það geti ekki verið neinum vafa undirorpið, að skip
þetta eigi í því tilliti, sem hjer er um að ræða, að meðhöndlust eptir lögum 2.
febr. 1894, um aukatekjur þær, sem renna í landssjóð, 56. gr. 1. kafla, og að
greiða eigi af því sem afgreiðslugjald 25 aura af hverri smálest af rúmfangi
skipsins, þar sem skipið hefði haft salt meðferðis hingað til landsins, sem nota
átti og notað hefði verið til fiskiveiða hjer, hvort sem það hafi verið látið sitja
í skipinu eða verið flutt í land.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birt-
ingar, að jeg er yður samdóma um það, að afgreiðslugjald beri að greiða af
skipinu, 25 aura af hverri smálest, samkvæmt hinu tilvitnaða lagaákvæði, svo